



## Fundargerð

Stýrihópur um skólastefnu í Reykhólahreppi  
Þriðjudaginn 1. mars 2011, kl. 16:00.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Katla Tryggvadóttir, Íris Ósk Sigbórsdóttir og Áslaug Guttormsdóttir. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Á fundinum voru ræddar þær áherslur sem nefndin stefnir að í skólastefnu Reykhólahrepps. Rætt var um það hvort taka ætti tónlistaskóla inn í stefnuna. Ákveðið var að stefna að því að hafa skólastefnu Reykhólahrepps stutta og greinagóða. Taka tillit til sérstöðu skólanna, sögu og náttúru sem skólarnir lifa og starfa í.

Nefndin tók saman áætlun og skipti með sér verkum og var ákeðið að vinna drög að uppsetningu skólastefnunnar fyrir næsta fund.

**Fundi slitið 17:10 ákveðið að hittast þriðjudaginn 15. mars n.k.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____